


ENDURGJÖF Á AKSTUR

Innleiðing Traffilog í alla okkar bíla auðveldar fyrirtækinu endurgjöf til bílstjóra á aksturshegðun og frammistöðu í akstri.


ÖRYGGISATVIK



Hver bílstjóri fær sérstaka skýrslu yfir frammistöðu sína í akstri. Bílstjórinn hefur samanburð við eigin akstur síðustu þrjá mánuði á undan (grá súla) við akstur sinn á yfirstandandi tímabili (blá súla).

Hér fær hver bílstjóri yfirlit yfir heildaröryggisatvik, beygjur til hægri, beygjur til vinstri, bremsun og hraðaaukningar.

HEILDARYFIRLIT



Bílstjóri fær auk þess yfirlit yfir sinn persónulega aksturstíma (klst:mín), þá vegalengd sem hann hefur ekið á tímabilinu (km), hversu lengi bílar í hans notkun hafa verið í lausagangi (klst:mín) ásamt eldsneytiseyðslu (L/100km).

SAMANBURÐUR

Auk þess að bera nýjar niðurstöður saman við eldri hvað eigin frammistöðu varðar getur bílstjóri séð meðaltal þess hóps sem hann tilheyrir. Þar að auki fær bílstjóri upplýsingar um besta gildi í einstökum þáttum fyrir sig.



HÓPBÍLAR



Í fréttabréfinu

Endurgjöf á akstur.....	1
Aksturshegðun í mars	2
Öryggisatvik	2
Innskráning	2
Lausagangur.....	3
Nýr bíll í flotann	4

AF AKSTURSHEGÐUN OG SAMANBURÐAR TÖLFRÆÐI Í MARS '24

Upplýsingar um aksturshegðun bíla og bílstjóra fáum við úr Traffilog kerfinu. Akstur bíla-flokka og akstursleiða er ólíkur, verkefni mismunandi. Úr kerfinu fáum við hins vegar mikilvægan samanburð innan flokka og samanburð við sambærileg fyrirtæki á Norðurlöndum.

ÖRYGGISATVIK


BREMSUN, HRAÐAAUKNINGAR, BEYGJUR

Þessi flokkur veitir upplýsingar um svokölluð öryggisatvik. Hér er átt við krappar beygjur til hægri eða vinstri, skyndilega bremsun og hraðaaukningar.



INNSKRÁNINGAR BÍLSTJÓRA


Eitt mikilvægasta atriðið er innskráning bílstjóra í bílana. Notkun öikumansskorts í ökurita er einnig í lögum og varðar sektum bæði fyrir bílstjóra og fyrirtæki ef misbrestur verður á.



LAUSAGANGUR


MENGUM EKKI AÐ ÓÞÖRFU

Mikilvægt er að menga ekki andrúmsloftið að óþörfu. Ökutæki í lausagangi veldur heilsuspillandi mengun. Færri vita e.t.v. að bannað er að láta kyrrstætt ökutæki ganga lengur en í örstutta stund, nema sérstaklega standi á. Ökutæki í lausagangi losar mikið magn af loftmengandi efnum sem eru heilsuspillandi. Því er til mikils að vinna fyrir öikumanninn að draga úr mengun frá bílnum með því að hafa hann ekki í lausagangi, þar sem því verður við komið.



ELDSNEYTISNOTKUN

Við hjá Hóp bílum fylgjumst grannt með eldsneytisnotkun bifreiða okkar. Umhverfisstefna fyrirtækisins er reglulega í endurskoðun ásamt því að unnið er að stöðugum endurbótum á umhverfisstjórnunarkerfi Hóp bíla. Yfirlitið sýnir eldsneytisnotkun, lítrar pr 100 km.





NÝR BILL Í FLOTANN

NÝR VDL BÍLL BÆTTIST Í HÓPBÍLAFLOTANN

Á dögunum bættist nýr VDL Futura bíll í Hópbílaflotann.

VDL bílarnir eru framleiddir af VDL Bus & Coach verksmiðjunum í Valkenswaard í Hollandi, skammt frá Eindhoven.

Bíllinn sem tekur 53 farþega hefur fengið innra númerið 115 í flotanum okkar.

Hann er útbúinn öllum helstu þægindum og öryggisbúnaði og er þegar farinn að þjóna farþegum okkar á vegum landsins.



Hópbílar hf.
Melabraut 18
220 Hafnarfirði

Umsjón, skrif og ábyrgð:
Leifur S. Garðarsson
Verkefnastjóri

